**Aðalfundarboð**

Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga verður haldinn á Hótel Selfossi, fimmtudaginn 30. mars 2023, kl. 13:30.

<u>Dagskrá fundarins:</u>

1. Fundarsetning ásamt sameiginlegri tillögu stjórnar um fundarstjóra og fundarritara.
2. Sameiginleg tillaga stjórnar um fulltrúa til að kanna framkomin umboð og skrá þau.
3. Skýrsla stjórnar og ákvarðanir um fiskrækt, Jörundur Gauksson, formaður.
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2022 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2023, Ólafur Þór Þórarinsson, stjórnarmaður og gjaldkeri félagsins.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga og fjárhagsáætlunar.
6. Kynning á eyðingu vargs, Jón Ingi Grímsson.*
7. Fiskirannsóknir, Magnús Jóhannsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun.
8. Kosningar stjórnar- og skoðunarmanna.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit.

Það er félagsmanna að tilkynna um breytingar á félagsaðild og heimilisföngum til formanns. Þessar upplýsingar geta haft áhrif á atkvæðaskrá félagsins en hún ræður því hver fari með atkvæðið. Um atkvæðisréttinn fer eftir 40. gr. laga nr. 61/2006.

---

*Jón Ingi Grímsson S: 848-4757 og Eggert Sigurþór Guðlaugsson S: 845-5026 – grayriverhunting@gmail.com Taka að sér alla almenna meindýraeyðingu.

Félagsmenn eru minntir á að koma upplýsingum um veiðitekjur til gjaldkera félagsins – sjá meðfylgjandi bréf, dags. 16. mars. 2023.

Unnið er að því að safna netföngum félagsmanna. Viðtakandi þessa bréfs er vinsamlega beðinn um að senda Ólafi Þór Þórarinssyni stjórnarmanni netfang sitt á oli@bssl.is (S:8951558).

Nýtingaráætlun kveður á um veiðitíma og veiðitilhögun næstu 4 ár og verða þeir þættir því ekki á dagskrá boðaðs fundar. Samkvæmt nýtingaráætluninni er félagsmönnum frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða á árunum 2023 – 2026:

a) Silung frá og með 1. apríl til og með 24. september.
b) Lax í net frá og með 1. júlí til og með 24. september.
c) Lax á stöng frá og með 21. júní til og með 24. september en skylt er að sleppa öllum laxi eftir veiði frá 21. júní til og með 30. júní. Deildir geta ákveðið að veiðitími hefjist og honum ljúki síðar en þó ekki lengur en til og með 30 september. Sami veiðidagafjöldinn á við um deildir og aðra félagsmenn sem veiða lax á stöng. Stjórn deildar skal tilkynna til formanns Veiðifélags Árnesinga hvenær veiði hefst og hvenær henni lýkur. Nánari reglur er að finna í nýtingaráætluninni.

Nánar um veiðistjórnun og <u>mögulegar frekari takmarkanir á veiði</u> vísast til meðfylgjandi bréfs, dags. 16. mars 2023.

Kaldaðarnesi, 16. mars 2023, f.h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga,

Jörundur Gauksson, formaður. Kaldaðarnes II, 801 Selfoss. jorundur@logbyli.is S. 892-0372.


| ÁRBORG | |
|---|---|
| Brnr: 15.51 | Mótt: 15/3 23 |
| Ábm: F. K. | Mnr: 2303219 |